

Verklagsreglur um starfslok vegna aldurs við Háskólann á Akureyri samþykktar í háskólaráði 26. ágúst 2011

1. **gr.** Við háskólahátíð á ári hverju kveður rektor sérstaklega þá starfsmenn sem hætta vegna aldurs á skólaárinu sem er að líða.
2. **gr.** Vísað er til gátlista háskólahátíðar að tryggt sé að starfsmenn sem hætta vegna aldurs mæti á háskólahátíð.
3. **gr.** Yfirmaður viðkomandi starfsmanns sem lætur af störfum fer yfir réttindi hans, s.s. aðgang að tölvukerfi, tölvupóstfangi og vinnuaðstöðu. Óski starfsmaður eftir að halda vinnuaðstöðu skal samið um það sérstaklega á grunni fyrirhugaðrar virkni starfsmannsins innan háskólans. Honum ber einnig að sjá til þess að starfsmaður skili lykli og öðrum búnaði í eigu HA sem hann hefur haft afnot af.
4. **gr.** Aðgangur að tölvukerfi HA fyrir starfsmenn sem hætta vegna aldurs verður með þeim hætti að viðkomandi heldur heimasvæði sínu og netfangi (allt að einu gígabæti af gagnamagni) til 1. október tveimur áramótum eftir starfslok. Fyrirverandi starfsmaður getur sótt um það til kerfisstjóra fyrir 1. september ár hvert að fá að halda netfanginu og svæðinu í eitt ár í senn. Tveimur árum eftir að starfsmaður hefur hætt að nota aðgang sinn að tölvukerfi HA skal kerfisstjóri afrita gögnin á geisladisk, eyða þeim af heimasvæði starfsmannsins og koma geisladiskinum í varðveislu í skjalasafni háskólans. Því aðeins skal farið í gögn starfsmanns á geisladiskinum að nauðsyn beri til og þá í fullu samræmi við gildandi lög og reglur.
5. **gr.** Kerfisstjóri sér um að starfsmenn sem hætta störfum verði felldir út af öllum póstlistum nema annað sé ákveðið.
6. **gr.** Gagnasmiðja sér um að loka fyrir aðgangskort starfsmanna sem hætta nema annað sé ákveðið.